

# KAUPTILBOÐ / VEIÐIGJALD Í AFNOTARÉTT Á FISKIAUÐLIND ÞJÓÐARINNAR

Tilboðsgjafi: Magnús Guðbergsson fyrir hönd. MK Fasteignafélags ehf. kt.620107-1660. Blikatjörn 6, 260 Njarðvík  
Skip tilboðsgjafa er : Íris GK-080 Skráninganúmer: 6921. Skipið er með gilt veiðileyfi á Íslandi og haffærnissskírteini.

Tilboðshafi: Ríkisstjórn Íslands, co/ Ríkissjóður, f.h. umbjóðanda sem er íslenska þjóðin, eigandi auðlindarinnar.

Undirritaður tilboðsgjafi, gerir hér með bindandi kauptilboð sem er ígildi veiðigjalds til þjóðarinnar, í afnotarétt af fiski skv. neðangreindu. Um er að ræða bolfisk sem tilheyrir sjávarauðlind í eigu íslensku þjóðarinnar og er tilboðið sent umboðsmanni þjóðarinnar og Alþingi og ráðherra: Þ.e. Ríkisstjórn Íslands, co/ Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. Ríkissjóður, f.h. umbjóðanda sem er íslenska þjóðin, sem er eigandi auðlindarinnar.

**VEIÐIGJALD:** Fisktegund, aflamark innan n.k. fiskveiðiárs sem gert er kauptilboð í sem greiðist sem veiðigjald

**Þorskur: 70.000 kg. / Verð pr.kg: 70 krónur fyrir hvert kg. óháð afkomu útgerðar. Fast veiðigjald kr.70 pr/kg.**

Úthlutun veiðiheimildar samkvæmt 1. grein laga um stjórn fiskveiða, myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildunum og um er að ræða veiðigjald skv. kauptilboði þessu fyrir eitt fiskveiðiár: 01.09.2021 til 31.08. 2022.

**Veiðigjald, kaupverð samtals: Kr 4.900.000.** -- Skrifu fjórar milljónir og níu hundruð þúsund krónur.—

***Athygli ríkisstjórnar Íslands er vakin á því að um er að ræða u.þ.b. fimmmfalt það verð sem þjóðin er að fá fyrir auðlind sína og auðlindagjaldið í þessari einu tegund mun færa þjóðinni tæpa 15 milljarða í veiðigjald.***

Tilboðsgjafi fer fram á að ofangreindir umboðsmenn þjóðarinnar, kynni eiganda auðlindarinnar tilboð þetta og veiðigjald sem mun renna í ríkissjóð með auglýsingu og fara eftir samningalögum sem umboðsmenn eiganda. Þá vill tilboðsgjafi jafnframt vekja athygli á að um er að ræða u.þ.b. fimmmfalt herra verð en eigandinn (þjóðin) er að fá í veiðigjald í dag. Kjósi ríkisstjórnin að hafna tilboðinu, þá er þess krafist að með fylgi rökstuðningur fyrir þeirri afstöðu. Þá áskilur tilboðsgjafi sér einnig rétt til að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um kauptilboðið / veiðigjaldið í Alþingiskosningum 21. september 2021.

Tilboðsgjafi skuldbindur sig til þess að landa öllum afla á opinberum og viðurkenndum fiskmarkaði á Íslandi og veita fiskmarkaðnum umboð til þess að draga 70 krónur af hverju veiddu kg. af þorski og greiða beint til ríkissjóðs við uppboð.

Tilboðsgjafi sem skuldbindur sig til að greiða ofangreint veiðigjald. Áskilur sér einnig rétt til að kynna eiganda sjávarauðlindarinnar, íslensku þjóðinni, milliliðalaust, tilboð þetta í afnotarétti og heimild til fiskveiða innan landhelgi Íslands. Hvort heldur sem það verður gert með auglýsingum, í fjölmiðlum hérlendis og/eða erlendis eða með öðrum hætti.


Tilboðið til þjóðarinnar er gert á grunni laga um stjórn fiskveiða : I. KAFLI. Almenn ákvæði. 1. gr. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

**KAUPTILBOÐ ÞETTA Í VEIÐIGJALD OG AFNOTARÉTT Á FISKIAUÐLIND ÞJÓÐARINNAR ER BINDANDI OG SKAL VERA SVARAÐ MEÐ UNDIRRITUÐU SAMÞYKKI EÐA SYNJUN. - RÖKSTUÐNINGS ER KRAFIST, KJÓSI UMBOÐSMAÐUR ÞJÓÐARINNAR AÐ HAFNA TILBOÐI ÞESSU SEM GILDIR TIL KLUKKAN 23.00 ÞANN 01 / 09 - 2021**

**Verði ágreiningur um kauptilboð þetta, má reka það fyrir dómstólum á Íslandi og í Evrópu, þ.m.t. Mannréttindadómstóli Evrópu**


**Kaupsamningur, arður og gjöld:** Afhending veiðileyfis fari fram eigi síðar en 2.9.2021 eða fyrr, Seljandi hirðir arð og greiðir gjöld af auðlindinni til afhendingardags en kaupandi greiðir gjöld til þjóðarinnar frá þeim tíma í samræmi við kauptilboð þetta.


**Kauptilboð þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta sem votta rétta undirritun, fjárræði og dagsetningu í Suðurnesjabær, á Sjómannadaginn, sunndaginn 6. júní 2021**

Undirritanir tilboðsgjafa  


Undirritanir tilboðshafa:

Vitundarvottar:

 311063-6429

 131066-5119